Grunnskólinn austan Vatna

*Hofsós – Hólar*

# Sjálfsmatsskýrsla
# 2019-2020

# Efnisyfirlit

Meginniðurstöður ... 3
Inngangur ... 4
Einkenni stofnunarinnar ... 5
Stefna og markmið ... 6
Framtíðarsýn ... 6
Stefna og leiðir ... 6
Nám og kennsla ... 6
Starfsumhverfi og líðan ... 7
Samskipti ... 7
Sjálfsmat ... 8
Þriggja ára áætlun ... 9
Framkvæmd matsins: ... 11
Sjálfsmatsteymi ... 12
Verkefni sjálfsmatsteymis ... 12
Matið ... 13
Niðurstöður mats ... 14
Tillögur um aðgerðir / aðgerðaáætlun ... 21
Skimun ... 26
Skólapúlsinn ... 30
Rýniviðtöl við nemendur 1. - 4. bekkjar ... 37
Viðauki ... 38
Viðauki I, einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar? ... 39
Viðauki II - Matsblað: 1.2. Forysta í skólastarfi ... 41
Viðauki III - Matsblað: 2.7 Samstarf ... 43
Viðauki IV - Matsblað: 3.1 Velferð jafnrétti og skóli án aðgreiningar ... 45
Viðauki V - Matsblað: 3.2 Betri frammistaða og aukinn árgangur ... 47
Viðauki VI - Matsblað: 3.3 Sköpun og starfshæfni ... 49
Viðauki VII - Eyðublað fyrir rýnihópaviðtöl nemenda 1. - 4. bekk ... 51
Viðauki VIII - Form fyrir þróunaráætlun ... 53

# Meginniðurstöður

Skólaárið 2019 - 2020 var í annað sinn alfarið unnið eftir þriggja ára áætlun eftir nýja þýðingu á matstækinu okkar „Hversu góður er grunnskólinn okkar?“ (áður Gæaðgreinar). Þessi þýðing er fjórða útgáfa af skoska kerfinu „How good is our School“ en er sú þriðja sem er þýdd og staðfærð hér. Til mats að þessu sinni voru gæðagreinarnir, 2.1 Nemendavernd, 2.2 Skólanámskrá, 2.4 Einstaklingsmiðun, 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi og 2.6 Samfella í skólastarfi.

Helstu niðurstöður mats voru eftirfarandi:

**Gæðagreinir 2.1 Nemendavernd:**
Vegin heildareinkunn: 5- mjög gott (tveir matshópar)

**Gæðagreinir 2.2 Skólanámskrá:**

Vegin heildareinkunn: 4 - gott ( tveir matshópur)

**Gæðagreinir 2.4 Einstaklingsmiðun:**

Vegin heildareinkunn: 5 - mjög gott (þrír matshópar)

**Gæðagreinir 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi:**

Vegin heildareinkunn: 4 – gott (tveir matshópar) 5 - mjög gott (einn matshópar).

**Gæðagreinir 2.6 Samfella í skólastarfi:**

Vegin heildareinkunn: 4 – gott (einn matshópur) 5 - mjög gott (einn matshópur).

Eins og sjá má er staða skólans í heildin góð í þessum þáttum sem voru til mats. Þrátt fyrir góða niðurstöðu lögðu starfsmenn sig fram í matinu að finna tillögur til úrbóta enda er matskerfið í sjálfu sér framfaramiðað og starfsmenn mjög meðvitaðir um að alltaf er hægt að gera betur. Samkvæmt vinnubrögðum sjálfsmatskerfisins er gerð aðgerðaráætlun út frá tillögum til úrbóta, sem koma fram í matinu, og þannig verður til þróunaráætlun skólans. Þessi áætlun er í kaflanum *Tillögur um aðgerðir / aðgerðaráætlun* hér í skýrslunni.

# Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Árið 1999 var skoskt gæðamatskerfi innleitt í Skagafirði. Þetta matskerfi var þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og var þá nefnt ***Gæðagreinar*** í íslenskri þýðingu. Fljótlega tóku allir grunnskólar í Skagafirði þetta matskerfi í notkun og hafa notað alla tíð síðan. Árið 2010 var þriðja útgáfa Skotanna af sjálfsmatskerfinu, ***How good is our school 3, the journey to excellence,*** þýdd yfir á íslensku og nefndist þá ***Gæðagreinar 2***. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, ***How good is our school,*** 4. útgáfa. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi enn á ný þá útgáfu á vormisseri 2016 en nú var nafninu breytt og nefnist ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu með nýju útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að

skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er þó enn hinn sami, en nýjungarnar eru til þess fallnar að hægt verði að efla gæði umbótamiðaðs innra mats þar sem stefnan er sett á framúrskarandi gæði skólastarfs. Sem fyrr snýst kjarni sjálfsmatsins um áhrif skólastarfs á nemendur. Aðlögun að skólastarfi Grunnskólans austan Vatna er stutt á veg komin og bíður mikil vinna sjálfsmatsteymisins og starfsmanna við það verkefni.

## Einkenni stofnunarinnar

Grunnskólinn austan Vatna samanstendur af tveimur Grunnskólum sem sameinaðir voru undir eina stjórn 1. ágúst 2007. Þeir voru þá þrír Sólgarðaskóli, Grunnskólinn að Hólum og Grunnskólinn á Hofsósi en Sólgarðaskóli var lagður niður vorið 2018 þar sem nemendum þar hafði fækkað mjög mikið. Upplýsingar í þessari skýrslu eru því frá þessum tveimur stafsstöðvum sem eftir eru á Hofsósi og Hólum.

Í lok skóla vorið 2020 voru samtals 67 nemendur í skólanum. Skipting milli kennslustaða og bekkjardeilda var eftirfarandi:

| Á Hofsósi 55 nemendur í 4 bekkjardeildum: | |
|---|---|
| 1. - 2. bekkur | 11 nemendur |
| 4. - 5. bekkur | 8 nemendur |
| 6. - 7. bekkur | 14 nemendur |
| 8. - 10. bekkur | 22 nemendur |

| Á Hólum 12 nemendur í 1 bekkjardeild: | |
|---|---|
| 1. - 6. bekkur | 12 nemendur |

## Stefna og markmið

### Framtíðarsýn

Grunnskólinn austan Vatna fylgir eftir framtíðarsýn skólastefnu sveitarfélagsins en leggur sérstaka áherslu á gott samstarf við heimilin, grenndarsamfélagið og umhverfið. Skólinn vill auk þess skapa sér sérstöðu með öflugu nýsköpunar- og frumkvöðlanámi. Grunnskólinn austan Vatna vill að samfélagið og nemendur geti verið stolt af skólanum og umhverfi sínu.

### Stefna og leiðir

**Nám og kennsla**

**Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:**

- að starfið mótist af metnaði, samfellu og hvatningu til sjálfstæðra verka, ábyrgðar og aukinnar víðsýni, svo hver og einn fái notið sín á eigin forsendum, í samræmi við hæfileika, þroska og getu.
    - Einstaklingsáætlanir nemenda og einstaklingsnámskrár séu gerðar og nýttar þar sem við á
    - Kennd sé námstækni sem hæfir yngsta stigi, miðstigi og elsta stigi.
    - Í skólanum sé til þekking og mannafli til að sinna öllum nemendum
    - Skólinn sjái til þess að hver og einn nemandi fái þann stuðning og ráðgjöf sem hann þarf
    - Skólinn nýti m.a. þá ráðgjöf sem stendur til boða frá skólaskrifstofu
    - Skólinn sjái til þess að hver og einn starfsmaður fái þann stuðning og ráðgjöf sem hann þarf, jafnt innan sem utan kennslustunda
- að nýta umhverfi okkar í kennslunni, söguna, náttúruna og sveitina.
    - Skólinn taki þátt í heimabyggðarverkefni skólanna í Skagafirði
    - Skólinn vinni að grenndarspili
    - Saga og sérkenni alls héraðsins sé nýtt til kennslu
    - Heimilisfræðikennsla fari að hluta fram í útieldhúsi
    - Lögð sé áhersla á göngu- og vettvangsferðir nemenda, að kynna fyrir þeim staðhætti, fornar sagnir og að leyfa þeim að upplifa ferðina á eigin forsendum
    - Útikennslustofa á Hólum sé nýtt og henni viðhaldið
    - Innsýn í starf fornleifafræðinga Hólarannsóknar sé fengin með vettvangsfræðslu / - ferðum og verkefnavinnu (Hólar)
- að í skólastarfi ríki fjölbreytni í markmiðum og vinnubrögðum. Við val á kennsluaðferðum og viðfangsefnum sé tekið tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og námsumhverfis.
    - Fjölbreyttir kennsluhættir
    - Gerð náms- og kennsluáætlana í hverri námsgrein samkvæmt samræmdu formi
    - Sérþekking starfsmanna og foreldra sé nýtt í kennslu
    - Leikræn tjáning og virk þátttaka í viðburðum
    - Markmiðasetning nemenda (Hofsós)
- að bjóða upp á náið samstarf starfsstöðva á faglegum grunni er varðar kennslu og

kennsluhætti
  - Reglulegir samráðsfundir kennara
  - Öflug miðlun upplýsinga sem tekur á náms- og kennsluáætlunum, kennsluháttum og öðru faglegu starfi kennara
  - Sameiginleg verkefni – þemadagar

## Starfsumhverfi og líðan

**Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:**

- að öllum líði vel á eigin forsendum og gagnkvæmt traust og virðing ríki milli manna.
  - Jákvæðir þættir verði gerðir sýnilegri hjá nemendum og kennurum
  - Hrósi sé beitt með markvissum hætti
  - Samræmdri lífsleikniáætlun skólanna þriggja með samfellu frá 1. til 10. bekk sé framfylgt
  - Kennarar og starfsfólk ræði málefni nemenda reglulega á starfsmannafundum
  - Nemendur og starfsfólk njóti hvatningar og viðurkenningar fyrir vel unnin störf.
  - Mótaðar verði heildstæðar samskiptareglur
- að skólinn og umhverfi hans skulu vera eins vel búin, örugg og hvetjandi til starfs og náms eins og best verður á kosið, svo skólastarfið geti blómstrað og nemendum og starfsfólki líði vel
  - Innra og ytra umhverfi skólans sé gert hlýlegt í samvinnu við nemendur
  - Vinna nemenda sé gerð sýnileg
  - Vinnuumhverfi sé aðlaðandi og húsnæði, búnaði og tækjakosti sé vel við haldið og endurnýjað eftir þörfum. Gott starfsumhverfi laðar að gott starfsfólk.
  - Skólinn geri flóttaleiðir sýnilegar og hafi brunaæfingar tvisvar á ári
- að þar starfi áhugasamt, vel menntað starfsfólk sem hefur velferð nemenda að leiðarljósi
  - Endurmenntunaráætlun sé virk og gerð í samráði við kennara
  - Kennarar og annað starfsfólk sé hvatt til að afla sér frekari menntunar

## Samskipti

**Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:**

- að standa fyrir metnaðarfullu skólasamfélagi, í góðu og markvissu samstarfi við heimilin, sem einkennist af kurteisi, tillitsemi og gagnkvæmri virðingu, þar sem foreldrar eru hvattir til aukinnar þátttöku.
  - Virk og tíð samskipti við foreldra
  - Gott upplýsingaflæði sé tryggt með því að senda upplýsingar með bréfum og tölvupósti milli foreldra og skóla
  - Foreldrar séu fengnir inn í félags- og skólastarfið, t.d. með fræðslu eða verkefnavinnu með börnunum sínum

   - Foreldrar og skóli séu samstíga í því að ala börnin upp með „staðarstolt fyrir augum“
   - Náms- og skólakynning í lok september
   - Foreldrar séu meðvitaðir um heimanám nemenda
   - Foreldrar finni sig ætíð velkomna í skólann og geti óhræddir sagt sínar skoðanir á skólastarfinu
   - Dagur nemenda þar sem nemendur skipuleggja verkefni og kennslu fyrir foreldra (Hofsós)
- að kurteisi, tillitssemi og gagnkvæm virðing einkenni samskipti þeirra sem í skólanum eru við nám og störf. Virðing sé borin fyrir sjálfum sér, starfi sínu og umhverfi.
   - Skólareglur, viðmið og viðurlög séu skýr
   - Mótuð verði heildstæð lífsleikniáætlun
   - Virk umræða
   - Grenndarkennsla
   - Dyggðaþema (Hólar)
- að eiga góð samskipti við umhverfi og samfélag skólans
   - Áætlun um samstarf við aðra skóla sé skýr í skólanámskrá
   - Tengsl við atvinnulíf sé viðhaldið
   - Farið sé í vettvangsferðir í fyrirtæki og stofnanir á svæðinu

## Sjálfsmat

Grunnskólinn austan Vatna hefur um langt skeið nýtt sjálfsmatskerfi sem var þýtt úr skosku matskerfi, How good is our school. Upphaflega bar íslenska útgáfan nafnið Gæðagreinar en nafninu breytt í nýjustu þýðingu eins og fram kemur í inngangi. Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar og að einhverju leit staðfærðar yfir á íslensku, fyrsta útgáfan 1999, önnur útgáfa 2010 og nú síðast vorið 2016. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi nýjustu (fjórðu) útgáfu Skotanna af sjálfsmatskerfinu með tilstyrk frá Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins. Nefnist efnið nú í íslenskri þýðingu: Hversu góður er grunnskólinn okkar?

Í sjálfsmatskerfinu Hversu góður er grunnskólinn okkar? byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu sem við köllum gæðageina í anda fyrri útgáfa. Lykilþættirnir eru:

1. Forysta og stjórnun
2. Námsskilyrði

3. Velgengni og árangur

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

- Hvernig stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað gerum við næst?

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða mjög gott, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka I.

## Þriggja ára áætlun

Áætlun um sjálfsmat kemur inn á flesta þætti skólastarfsins og spannar þrjú ár. Þessi áætlun endurtekur sig síðan þannig að hver þáttur er endurskoðaður um það bil þriðja hvert ár. Þessi áætlun er núna í þróun miðað við nýjustu útgáfu sjálfsmatsins. Þannig er leitast við að meta alla þætti skólastarfs metnir yfir þriggja ára tímabil. Það er þó mikill sveigjanleiki í kerfinu svo nálgast má matið á mismunandi vegu en sjálfsmatsteymi skólans metur hvaða spurningar eða matsþætti eru teknir fyrir varðandi hvert þema hverju sinni.

Á næstu síðu má sjá hvernig kaflaskipting Gæðagreinanna er raðað niður á annir sem segir til um hvenær unnið skal að hverjum og einum kafla í þriggja ára áætlun.

**Þriggja ára áætlun sjálfsmats 2019 - 2021**

| **Skólaár** | **2019 - 2020** | **2020 - 2021** | **2021 - 2022** |
|---|---|---|---|
| **Haustönn** | | | |
| | 2.1 Nemendavernd | 2.3 Nám, kennsla og námsmat | 1.2 Forysta í skólastarfi |
| | 2.2 Skólanámskrá | 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat | 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar |
| | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk |
| | Mat nemenda á skólastarfi | Mat nemenda á skólastarfi | Mat nemenda á skólastarfi |
| | Skólapúlsinn foreldrar | Skólapúlsinn starfsmenn | Skólapúlsinn foreldrar |
| | Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk | Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk | Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk |
| **Vorönn** | | | |
| | 2.4 Einstaklingsmiðun | 1.3 Breytingastjórnun | 3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur |
| | 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi | 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun | 3.3 Sköpun og starfshæfni |
| | 2.6 Samfella í skólastarfi | 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni | 2.7 Samstarf |
| | Árleg skimun starfsfólks | Árleg skimun starfsfólks | Árleg skimun starfsfólks |
| | Sjálfsmatsskýrlsla | Sjálfsmatsskýrlsla | Sjálfsmatsskýrlsla |

Reynt er að hafa þriggja ára áætlun sveigjanlega að einhverju leiti til að koma við nýjum þáttum sem þörf er talin á að meta hverju sinni eins og lestarstefnan núna og því er áætlunin endurskoðuð árlega. Rætt hefur verið í samstarfi skóla í Skagafirði að samræma að einhverju leiti milli grunnskólanna þriggja, þriggja ára áætlanir á grunnþemunum. Það væri til hagræðingar þar sem ráðgert er í samvinnu við skólaskrifstofu Skagafjarðar að staðfesta mat með Skólaspegli sem áður hefur verið minnst á.

## Framkvæmd matsins:

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið Hversu góður er grunnskólinn okkar? byggir á. Smám saman er svo meiningin að það bætist við nýjir þættir sem sérsniðnir eru að sérstöðu skólans og ástæða er að meta sérstaklega undir þessum þemum. Þriggja ára áætlun er birt hér síðar í skýrslunni.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreini, annars vegar dæmi um gæðaviðmið og hins vegar dæmi um gagnlegar spurningar sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað. Sjálfsmatsteymi skólans valdi þætti úr þessum tveimur matsblöðum og setti saman í eitt matsblað, en matsblöðin má finna í fylgiskjölum aftast í skýrslunni.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefa þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna. Þeir starfsmenn sem vinna matið vinna líka umbótaáætlanir sem gerir það að verkum að hver starfsmaður hefur bein áhrif á framþróun til að auka gæði skólastarfs.

Draga má saman  og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins Hversu góður er grunnskólinn okkar? í fjórum skrefum:

1. Skilgreining lykilþátta, undirþátta eða þema eftir því sem við á

2. Skilgreining viðmiða, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða framúrskarandi.

*Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Nú þegar hefur verið komið á samvinnu skólanna í Skagafirð með það að markmiði. Í því augnamiði fóru starfsmenn skólaskrifstofu Skagafjarðar og stjórnendur skólanna í kynnisferð til Skotlands og tóku þátt í þesskonar mati. Auk þess hafa starfsmenn skólaskrifstofu þýtt efni sem heldur utan um slíkt mat og nefnist í íslenskri þýðingu Skólaspegill.*

3. Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta, umsögn og einkunnagjöf

4. Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.

5. Eftirfylgni umbóta.

### *Sjálfsmatsteymi*

Sjálfsmatsteymið skipa tveir starfsmenn skólans hverju sinni ásamt skólastjóra og er kosið í þá nefnd á sameiginlegum fundi starfmanna í byrjun hvers starfsárs. Þennan vetur sátu í sjálfsmatsnefnd, Ólinga Björnsdóttir og Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir. Jóhann Bjarnason, skólastjóri hefur yfirumsjón með sjálfsmatinu. Helga Harðardóttir, starfsmaður skólaskrifstofu er sérlegur ráðgjafi teymisins og kemur að mati og úrvinnslu þegar þurfa þykir. Helga tók þátt í þýðingu og endurskoðun efnisins og er skólunum til ráðgjafar og aðstoðar.

### *Verkefni sjálfsmatsteymis*

Meðal verkefna sjálfsmatsteymis er að undirbúa og halda utan um starfsdaga þar sem sjálfsmat fer fram. Velja þemu og spurningar sem eru lagðir fyrir. Halda áfram þóun mats til að tryggja að það sé að endurspegla starf og sérstöðu skólans. Finna leiðir til þátttöku nemenda í mati og vinna sjálfsmatsskýrslu í lok hvers skólaárs.

## *Matið*

Eins og fram kemur í þriggja ára áætluninni voru metnir á skólaárinu eftirfarandi gæðagreinar:

- Gæðagreinir um upplýsinga g tæknimál
- 2.1 Nemendavernd
- 2.2 Skólanámskrá
- 2.4 Einstaklingsmiðun
- 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi
- 2.6 Samfella í skólastarfi

Matið var unnið á fundartíma þriðjudag 5. nóvember og svo tveimur starfsdögum, annar var í 6. janúar og hinn í lok skólaárs 3. júní. Á þessum matsdögum komu allir starfmenn skólans að vinnu við matið. Hópnum var skipt niður í fjóra til fimm vinnuhópa sem hver um sig fékk að hámarki tvo gæðagreina til mats hvorn matsdag þannig að fleiri en einn hópur fjallaði um hvern gæðagreini. Í þessari skýrslu er birt einkunn á heildarmati miðað við sex þrepa skala í hvejum þætti hjá hverjum hóp fyrir sig. Auk þess tekinn saman texti frá öllum hópum varðandi þær sterku hliðar sem finna má í hverjum matsþætti og einnig það sem talið er þurfa að bæta (sem er grunnur að þróunaráætlun). Í sumum tilfellum þegar matshópar vilja er tilgreindir mikilvægustu þættir viðkomandi matsþáttar og að lokum athugasemdir frá matshópnum um gæðagreinin í heild. Tillit er tekið til þeirra athugasemda þegar þessi matsþáttur verður tekinn fyrir næst miðað við þriggja ára áætlun.

Sem fyrr segir er notaður er sex þrepa skali til að finna vegna heildareinkunn fyrir hvern þátt. Skalinn er eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| 6 | ***Framúrskarandi*** | Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði |
| 5 | ***Mjög gott*** | Afar sterkur þáttur |
| 4 | ***Gott*** | Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri |
| 3 | ***Nægilegt*** | Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök |
| 2 | ***Slakt*** | Mikilvæg atriði slök |
| 1 | ***Ófullnægjandi*** | Afar slakur þáttur sem þarfnast tafarlausra úrbóta |

## Niðurstöður mats

**KOMINN HINGAÐ!!!!!!!**

**Gæðagreinir um upplýsinga og tæknimál**

*Vegin heildareinkunn: 4 - gott (tveir matshópar) 5 - mjög gott (tveir marshópar)*

**Sterku hliðarnar okkar:**

- Skólinn er vel tækjum búinn. Hér er aðgengi að interneti gott, tenging góð. Kerfisveita gerir að það kleift að vinna heima ef þess þarf. Nemendur hafa flestir tileinkað sér góðar umgengnisreglur. Gott að hafa snjalltækjalausar frímínútur.
- Nemendur eru skapandi, fjölbreyttar námsaðferðir, auðvelt að koma til móts við einstaklingsmiðun, gott aðgengi að tæknibúnaði, starfsfólk jákvætt og opið gagnvart tækninýjungum.
- Samvinna - nemendur fá mörg tækifæri til að vinna samvinnu.
- Að foreldrar þurfi ekki að leggja fram pening til að kaupa tækin.
- Einstaklingsmiðuð verkefni, hljóðbækur og fleira sem styður við einstaklingsmiðun.
- Lögð er áhersla á að nemendur læri að leita sér upplýsinga og læri hvernig á að umgangast tækin og upplýsingarnar.
- Kennarar eru duglegir að styðja hvern annan með því að aðstoða eða benda á forrit og annað sem gæti gagnast vel í kennslu.
- Þægilegt að tengja Macbook við sjónvörp með Apple TV.

**Það sem við þurfum að bæta:**

- Vantar markvissari endurmenntun þar sem þróun í tæknimálum er mjög hröð.
- Seinlegt að skrá inn námsmat og leiðrétta í Mentor.
- Það þarf að hvetja þá sem búa yfir þekkingu að miðla henni og við að vera duglegri að sækjast eftir henni.
- Það vantar ítarlegri lýsingar á innihaldi málstofa, dagskrá þarf birtast fyrr og aukið samráð með starfsfólki skóla um efnistök. (innsk. HH. nýtt gæðaviðmið sem snýr að UT starfsdegi).
- Það er vandamál að nemendur sem eiga tæki eru að fara á svig við samninginn um snjalltækin að halda inni námsforritum. Þeir taka út námsforrit til að setja inn leiki en það tekur tíma að setja aftur inn námsforritin í upphafi tíma þrátt fyrir að hafa rætt við nemendur um þetta.
- Mikið til af margmiðlunarefni en það vantar ennþá hljóðbækur og rafbækur inn á mms.is sem og fræðslumyndir t.d. fyrir náttúrufræðina.
- Aðgangur að tækni- og hugbúnaði er góður fyrir nemendur en nettengin er ekki góð, hvorki á Hofsósi né á Hólum. Þó nettengin sé hröð þá er hún að detta oft út í kennslustofum. Vantar nettenginu (sendi) fram í hol á Hofsósi.
- Starfsfólki vantar tíma til að læra á tæknina og beita gagnrýninni hugsun á því sem verið er að bjóða upp á og hvort það henti viðkomandi eður ei.

- Vantar aðgang að tölvutengingu í Höfðaborg.
- Sendar og AppleTv er ekki alveg að virka þar sem tölvur og Ipadar eru að detta úr netsambandi í kennslu og í gegnum AppleTv er ekki hægt að sýna myndbönd því þau “lagga” og Imovie myndbönd í Ipad sýna ekki ljósmyndir/Screenshot í sjónvarpinu (verður svart).
- Kenna þarf nemendum markvisst að beita gagnrýninni hugsun.
- Kennarar þurfa að vera duglegri að nota AppleClassroom til að fylgjast með netnotkun nemenda í tíma.
- Nemendur virðast stytta sér leið í náminu og t.d. nota ekki gagnrýna hugsun á hvaða heimildir þeir nota, virðast ekki vera með á hreinu hvaða fög í Classroom þeir sækja verkefnin og slíkt.
- Nemendur ekki nægilega sjálfstæðir við að nota tækni- og hugbúnað til náms.
- Vantar almennilega nettengingu á Hólum.
- Kerfisveitan er stundum með leiðindi við einstaka starfsmenn.
- Starfsmenn hafa ekki mjög greiðan aðgang að símenntun/ráðgjöf, þarf að sækja námskeið langt, oft að fá frí frá vinnu og fjölbreytnin mætti vera meiri.
- Nemendur þurfa að sýna meiri ábyrgð á netnotkun sinni og nýta tækin sem hluti af náminu en ekki leik.
- Kennarar forðast ekki að nota tæknina en myndu gjarnan vilja hafa meiri tíma til að prófa sig áfram og læra meira.
- Nettenging ekki nægilega góð á Hólum sem og á nokkrum stöðum í húsnæðinu á Hofsósi, t.d. á holi og í gamla hlutanum.
- Fleiri en eitt kerfi í notkun, flækir málin …. kerfisveita virkar ekki nógu vel fyrir að sýna myndefni.
- Væri gott að vera með sjónvarp í <u>hverri kennslustofu</u> til að einfalda þetta eða eitthvað sem varpar mynd úr tölvu/Ipad þráðlaust á vegg.
- Þurfum að vera duglegri að nota Apple classroom til að fylgja eftir ábyrgri netnotkun nemenda.

**Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:**

- Að viðhalda góðum tækjakosti, kunnáttu, umgengnisreglum og símenntun.
- Bæta þarf nettenginu í skólunum báðum.
- Að sett verði saman hópur/teymi sem sér um að finna og prófa kennsluforrit og námsforrit og haldi örnámskeið fyrir nemendur og starfsfólk um það.

**Athugasemdir um gæðagreini:**

- **Tillaga að tveimur nýjum gæðaviðmiðum:**
  - *Nemendur fá reglulega fræðslu um ábyrga netnotkun*
  - *UT dagur er vel skipulagður og gagnlegur*

**Gæðagreinir 2.1 Nemendavernd**

*Vegin heildareinkunn: 5 - mjög gott (tveir matshópar)*

**Sterku hliðarnar okkar:**

- Mikil tengsl inn í samfélagið vegna smæðar skóla.
- Fundargerð eftir hvern fund, þar sem fram kemur hvernig málinu er fylgt eftir og hver næstu skref eru.
- Komin stefna sem fylgt er sem alltaf í endurskoðun.
- Nemendur hafa auðvelt aðgengi að starfsmönnum skóla og geta oftast rætt hlutina. Fólk gefur því tíma.
- Vegna smæðar höfum við tök á að bregðast mismunandi við einstaklingum og taka tillit til persónulegra þarfa, getu og aðstæðna.
- Ef nemandi mætir ekki er hringt heim og athugað með hann. Eins vitum við ef nemandi þarf að fara eitthvað eða er veikur. Þarna kemur smæðin okkur vel.
- Starfsfólk fær reglulega fræðslu um barnavernd og ýmis námskeið tengdum sérþörfum, t.d. einhverfu, ADHD o.s.frv.
- Leitast er við að fræða starfsfólk og miðla upplýsingum um nemendur til allra starfsmanna.
- Haldnir eru reglulegir teymisfundir með foreldrum nemenda með sérþarfir.
- Öllu starfsfólki er umhugað um velferð nemenda og tekur ábyrgð með því að tjá áhyggjur sínar, leita leiða til úrbóta og að vinna almennt að vellíðan allra.
- Gott skipulag á fundargerðum og utanumhaldi vegna nemendaverndarráðsfunda.
- Nemendur eru ófeimnir við að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Mjög mikil áhersla lögð á kom til móts við viðhorf og þarfir nemenda.
- Öll skjöl og gögn sem tengjast nemendum eru geymd á læstu drifi og/eða í læstum skáp.

**Það sem við þurfum að bæta:**

- Þörf á að fræða og kynna aðilum skóla-samfélagsins hlutverk nemendaverndar.
- Nemendur vita ekki alltaf hvað er verið að gera og halda /upplifa að það sé ekkert gert. Það má ekki segja allt en maður getur látið þau vita að það sé verið að vinna í málunum.
- Efla fræðslu til foreldra varðandi nemendavernd og fá upplýsingar frá foreldrum um hvers konar fræðslu þeir myndu vilja. Væri gaman að vita hversu vel foreldrar þekkja ýmsar forvarnir, t.d. Olweus, Marita o.s.frv. Við getum aldrei verið alveg viss um skilning foreldra en þeir eru mikilvægur hluti af skólasamfélaginu.
- Mætti tilkynna nemendaverndarráðsfundi til umsjónarkennara og kalla eftir ef það eru einhver mál sem þeir vilja að séu tekin upp á fundunum.
- Það mætti skerpa á reglum um fjarveru nemenda frá skóla. Þó að foreldrar geti rökstutt fjarvistirnar þá getur verið spurning um hversu góð rökin eru.
- Upplýsingaflæði er ekki nógu gott varðandi það að upplýsa allt starfsfólk um lengri frí nemenda. Skólinn mætti líka marka sér sterkari stefnu og áætlanir um hvað nemendur eiga að læra meðan þeir eru í burtu í lengri fríum.
- Þurfum að hafa reglulegar brunaæfingar.
- Skólalóð uppfyllir ekki öryggisatriði en þó er það ekki í okkar höndum. Stöðugt hefur verið kallað eftir úrbótum frá sveitarfélaginu.

**Athugasemdir um gæðagreini:**

Með nemendavernd er verið að tala um nemendaverndarráð eða almennt um allt sem tengist nemendum, t.d. teymisfundir, þagnarskylda, stuðningsúrræði o.s.frv.

E.t.v. væri gott að vera með smá inngang að gæðagreinunum með útskýringum og skilgreiningum á hugtökum sem eru notuð.

**Gæðagreinir 2.2 Skólanámskrá**

*Vegin heildareinkunn: 4 - gott (tveir matshópar)*

**Sterku hliðarnar okkar:**

- Allir aðilar skólasamfélagsins hafa komið að gerð skólanámskrár. Útinám er í föstum skorðum á Hólum og í yngstu deild skólans á Hofsósi einu sinni í viku.
- Skólasamfélagið leitast við endurnýta það efni sem fellur til, t.d. í nýsköpunarviku og allri verklegri kennslu. Búið er að útbúa kartöflugarð, hænsnakofi er á staðnum.
- Nemendum er yfirleitt ekki kynjaskipt í verkgreinar til að ýta ekki undir staðalímyndir kynja í starfsgreinum.
- Af því að skólinn er fámennur þá er mikið unnið að því að hver og einn nemandi fái að njóta sín og mikill metnaður fyrir nemendum.
- Förum vel yfir ýmis gögn t.d. niðurstöður úr Samræmdum könnunarprófum, Olweus, Skólapúls og fleiri og vinnum með það og gerum áætlanir út frá þeim.
- Nýtum okkur óbeint upplýsingar til að efla skólanámsskrárgerð t.d. fáum námskeið og tökum þátt í þróunarverkefni (t.d. stærðfræðilæsið).
- Einstaklingsmiðað nám nemenda bætir námsárangur. Við sjáum það m.a. á hve nemendur á framhaldsskólastigi hefur gengið vel og standa sig almennt vel.
- Á Hólum er vettvangur til að ræða mál sem varða sameiginlegan skilning á því hvað felst í framförum.
- Þegar unnið er í kennsluáætlunum er tekið mið af grunnþáttum menntunar til að koma til móts við nám nemenda.
- Það að útinám sé fastur liður í námi allra nemenda er til fyrirmyndar á Hólum
- Mikil áhersla lögð á þessa þætti í starfi skólans t.d. í kennsluáætlunum, læsisstefnu Skagafjarðar, þróunarverkefni um stærðfræðilæsi, Heilsueflandi grunnskóli, snjalltækjavæðing og slíkt.
- Við erum að vinna öll að sama marki. Við erum að snjalltækjavæða okkur m.t.t. framtíðar, erum Heilsueflandi skóli, fá oft tækifæri til að stíga á stokk og koma fram og erum með áherslu á nýsköpun og sköpun almennt.

**Það sem við þurfum að bæta:**

- Tryggja að skólanámskrá og starfsáætlun séu aðgengileg á heimasíðunni.
- Skólanámskráin hefur ekki verið endurskoðuð í heild til lengri tíma og þarf að gera áætlun um heildarendurskoðun á henni..

- Einkunnarorð Grunnskólans austan Vatna eru ekki til, þarf að fara í þá vinnu að velja þau.
- Passa upp á að skólabragur einkennist af virðingu varðandi uppbrot og hátíðir að það verði eftirminnilegt og eftirsóknarvert. Hægt væri að efla eða setja útinám í fastar skorður hjá öllum árgöngum. Leggja meiri áherslu á þrautseigju meðal nemenda.
- Langt síðan við vorum öll virk í að fara yfir starfsáætlun skólans þó svo að helstu upplýsingar séu uppfærðar reglulega og farið eftir þeim verklagsferlum sem þar eru. Þurfum að vinna meira með þættina stefna og áherslur, eða vinna það reglulegar.
- Þurfum að búa til hæfniviðmið fyrir þá þætti sem móta sérstöðu okkar t.d. Rakelarhátíð, Jólavöku, nýsköpun, þemaviku að hausti og fleira.
- Þarf að sjást betur í skólanámskránni sú vinna sem lögð er í þetta.
- Þurfum að vinna þetta markvissar m.t.t. að skólanámskrá sé meira lifandi plagg en hún er í dag.
- Á Hofsósi vantar aukin tækifæri til að ræða þessi mál.
- Elsta stigið fær ekki skipulagt útinám en önnur stig eru á betri stað en í fyrravetur þannig að þetta er að komast á.
- Vantar sýnileika á þessum þáttum í skólanámskránni, annarsstaðar en í kennsluáætlunum. Þarf að standa skýrum stöfum að við vinnum að þessu og skólanámskráin er það “tæki”.
- Þurfum að skjalfesta/orða sýnina sem við erum að vinna að. Skólanámskrá er “tækið” sem þarf til þess :)
- Vegna þess hversu lítið er af fjölbreyttum störfum á stöðunum sem þau búa á er gott að setja þetta inn í skólanámskrá t.d. með vettvangsferðum í fyrirtæki í héraði.

**Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:**

- Að skólanámskrá sé aðgengileg fyrir alla.
- Að skólanámskrá sé í sífelldri endurskoðun og þróun.
- Að allir nemendur og foreldrar komi að þróun hennar t.d. í gegnum skólaráð.
- Það sem við stöndum fyrir og erum sammála um, komi fram í skólanámskránni.

**Athugasemdir um gæðagreini:**

Orðalag stundum tyrfið t.d. í J lið (á vinnuskjali), varðandi starfsfærni.

**Gæðagreinir 2.4 Einstaklingsmiðun**

*Vegin heildareinkunn var 5 - mjög gott (þrír matshópar)*

**Sterku hliðarnar okkar:**

- Lítill skóli mikil nánd og góð yfirsýn.
- Auðvelt að vinna með einstaklinginn í samstarfi við foreldra. Foreldrar hafa auðveldan aðgang að kennurum/starfsfólki. Kennarar hafa gott aðgengi að foreldrum og þekkja bakgrunn nemenda.
- Skimanir og fleiri matsaðferðir eru notaðar markvisst til að greina þarfir nemenda og niðurstöður notaðar til að ákvarða framhald og áherslur í námi.

- Reglulegir teymisfundir með foreldrum og kennurum þar sem farið er yfir stöðuna og teknar ákvarðanir um framhaldið. Inn á þessa fundi koma oft á tíðum fagaðilar, t.d. frá fræðsluþjónustu og félagsþjónustu.
- Fjölbreyttar leiðir og verkefni notuð til að mæta mismunandi þörfum nemenda, almennt er allt starfsfólk vakandi fyrir mismunandi þörfum nemenda.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár og þjálfunaráætlanir í samstarfi við foreldra.
- Reglulegir teymisfundir stuðla að gæðum einstaklingsmiðaðs náms. Góð mönnun, bæði stuðningsfulltrúar og stuðningskennarar. Einstaklingsáætlanir gerðar í samráði við sérkennara þegar þess er þörf.
- Gott aðgengi að sérfræðiþjónustu og þeim matsprófum sem sérfræðingarnir búa yfir.
- Deildarstjóri stuðnings fer yfir með öllu starfsfólki að hausti hvernig skal koma til móts við nemendur með sérþarfir.
-

**Það sem við þurfum að bæta:**

- Bjóða upp á námskeið í heimabyggð/nærumhverfi eða bjóða upp á fjarnám
- Megum halda áfram að þróa verkefni og fjölbreyttar námsleiðir sem reyna á færni ólíkra nemenda. Þannig að nemendur geti sýnt á mismunandi hátt þá þekkingu og hæfni sem þeir hafa náð, en fái jafnframt þjálfun í því sem þeir eiga erfitt með.
- Virkja mætti nemendur í ákvarðanatöku varðandi einstaklingsmiðun í námi eins og t.d. er gert með áætlanagerð á Hólum.
- Mætti vera texti um það í skólanámskránni hvernig mismunandi þörfum nemenda er mætt með fjölbreyttum kennslu- og námsmatsaðferðum.
- Þegar teymiskennsla hefst á næsta skólaári væri skilvirkt að halda reglulega fundi með kennurum og stuðningsfulltrúum í hverju teymi til að ræða einstaklingsþarfir innan nemendahópsins.
- Aðgengi að talmeinafræðingi.
- Þurfum að ígrunda samræmt próf betur til markmiðasetningar nemenda.
- Nemendur verði viðstaddir valda teymisfundi.
- Láta alla foreldra vita í fyrsta foreldrabréfi vetrarins að hægt er að fá teymisfund með umsjónarkennara og sérkennara sé þess óskað.
- Skólanámskráin þarfnast uppfærslu, margt sem við erum að gera sem ekki er búið að uppfæra þar.
-

**Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:**

**Athugasemdir um gæðagreini:**

**Gæðagreinir 2.5 Þátttaka fjölskyldan í skólastarfi**

*Vegin heildareinkunn var 5 - mjög gott (einn matshópur) 4 - gott (tveir matshópar)*

**Sterku hliðarnar okkar:**

- Við erum lítið samfélag sem styrkir nándina og yfirsýnina.
- Starfsfólk mjög meðvitað um mikilvægi foreldrasamstarfs. Þar sem þörfin er mest er mjög vel haldið utan um nemendur og í góðu samstarfi við foreldra (t.d. með teymisfundum).
- Gott samstarf við félagsþjónustu þegar grunur leikur á erfiðum heimilisaðstæðum.
- Reglulegir teymisfundir.
- Gott utanumhald er um nemendur og fjölskyldur þeirra. Það er sameiginlegur skilningur á mikilvægi samstarfs heimilis og skóla kemur fram í bættri líðan og námsárangri nemenda.
-

**Það sem við þurfum að bæta:**

- Grein C Fleiri fræðslufundir fyrir foreldra líkt og á haustsamveru en hafa í huga að þeir séu stuttir þannig að nemendur, foreldrar og starfsfólk geti notið samverunnar betur.
- Grein I Reynt er að finna úrræði en ekki eru eins fjölbreitt úrræði í boði hér og t.d. á höfuðborgarsvæðinu.
- Grein K Með auknu samstarfi fjölskyldna og starfsfólks skóla verður samstarfið jákvæðara og fjölskyldur fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum til skila. Starfsfólk getur útskýrt sína starfsemi.
- Finna þarf leiðir til að virkja foreldra meira til þátttöku í skólastarfinu, bæði varðandi ákvarðanatöku, nám barna þeirra og í félagsstarfi nemenda.
- Halda fundi með foreldrum og nemendum til að vinna að stefnumótun, t.d. endurskoða skólareglur, rýna í skólastefnuna o.s.frv.
- Skólinn þyrfti að geta vísað fjölskyldum í fjölskylduráðgjöf.
- Í litlu samfélagi verður nándin oft of mikil og því mikilvægt að hlutlaus fagaðili sé til staðar eins og t.d. námsráðgjafi eða uppeldis og sálfræðiráðgjafi eða gott aðgengi sé að þessum aðilum til að grípa inn í og bregðast við málum jafnóðum og þau koma upp.
- fá almenna fræðslu fyrir alla foreldra/forráðamenn um mismunandi þarfir og hvað felst í sérþörfum nemenda t.d.lesblindu, ADHD, einhverfu, kvíða oþh. Mætti nýta haustsamverur?
- Skerpa þarf á sameiginlegum skilningi starfsfólks á ólíkum þörfum nemenda.
-

**Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:**

- Samstarf og samtal milli allra aðila skólasamfélagsins.

**Athugasemdir um gæðagreini:**

- Okkur finnst grein e þurfa að vera orðuð á greinilegri hátt. T.d. flestir nemendur upplifa betri líðan og velferð þegar þátttaka fjölskyldna er mikil í skólastarfi.
- Vorum að nota skapandi aðferðir til að fá foreldra inn en höfum markvisst verið að fækka uppbrotum og dögum þar sem foreldrar hafa verið að koma.
-

**Gæðagreinir 2.6 Samfella í skólastarfi**

*Vegin heildareinkunn var 5 - mjög gott (einn matshópur) 4 - gott (einn matshópur)*

**Sterku hliðarnar okkar:**

- Smæðin gerir það að verkum að samskipti milli starfsfólks eru mikil og það er gott flæði og lítil skil á milli samkennsluhópa.
- Gott utanumhald um skimunarpróf, niðurstöður þeirra markvisst skráðar og þær geymdar í árgangamöppum.
- Hér er boðið upp á val sem getur stutt við áframhaldandi nám. Námsráðgjafi leggur fyrir áhugsviðskannanir. Starfskynningum á vettvangi er gefið mikið vægi og nemendur fá oftast að kynnast þeim fyrirtækjum sem þeir hafa áhuga á.
- Mikið samstarf milli kennslustaða.
- Skilvirk og árangursrík á milli skólastiga, bekkjardeilda og kennslustaða.

**Það sem við þurfum að bæta:**

- Nákvæmara form á lesið og kennt. Þó skilin séu að hluta munnleg þá þurfa þau einnig að vera skráð.
- Móttökuáætlun þarf að uppfæra í skólanámskrá. Mögulega mætti bjóða nýjum nemendum og foreldrum upp á að koma degi fyrir skólasetningu og hitta umsjónarkennara og skoða húsnæði.
- Umsjónarkennarar þurfa að fara yfir nákvæmar niðurstöður samræmdra prófa á Skólagátt með faggreinakennurum.
- Nemendur taki þátt í skilum milli skólastiga með þátttöku á skilafundi.
- Nemendastýrð foreldraviðtöl.
- Þörf á námsráðgjafa í stærra hlutfalli sem væri á staðnum.

**Athugasemdir um gæðagreini:**

- Í skólanámskrá eru verkferlarnir skýrir en þarf að uppfæra skólanámskrána og birta á heimasíðunni.

## Tillögur um aðgerðir / aðgerðaáætlun

Í matsvinnunni vann hver matshópur jafnframt tillögur að þróunaráætlunum til að styðja við veika þætti í matinu og stuðla að framþróun. Gjarnan er unnið út frá þeim þáttum sem þarf að bæta í matinu eða forgangsraðað út frá þeim. Hér eru niðurstöður sem komu fram. Skólinn vinnur svo eftir þessum áætlunum. Tiltekið er hvað þarf að gera, hver á að gera það, hvenær því á að vera lokið, hvað þarf til og að lokum hvernig á að meta árangurinn (sjá eyðublað í fylgiskjölum) en hér í skýrslunni er eingögnu birt hvað þarf að gera og hvað þarf til.

**Þróunaráætlun 2019-2020**

| Gæðagreinir um upplýsinga og tæknimál | |
|---|---|
| ***Hvað þarf að gera?*** | ***Hvað þarf til?*** |
| Koma á skipulagðri símenntun starfsfólks þar sem við deilum og fræðumst um nýjungar og aðferðir á tæknisviði. | Tíma, 10 mínútur á þriðjudögum. |
| Afla upplýsinga frá starfsfólki grunnskóla í Skagafirði um hvað þeir vilja fræðast um á UT degi. | Að fá stjórnendur UT dags til að taka tillit til þessara óska. |
| Námsforrit í Ipödum nemenda þurfa að hafa forgang þar inni. | Minna á samninginn við nemenda og foreldra/forráðamenn. |
| Hljóðbækur, rafbækur og fræðslumyndir þurfa að vera til staðar inn á mms.is í öllum fögum/kennsluefni (sem var inn á nams.is). | Senda MMS:IS ábendingu um þetta. |
| Laga nettengingu. – Hofsós, Hólar, Höfðaborg | Enn eitt símtalið, fjármagn. |
| Starfsfólk þarf tíma til að læra á tæknina. | Tími og skipulag. |
| Kenna nemendum sjálfstæð vinnubrögð. | |
| Kenna ábyrga tækni og netnotkun. | Vera til fyrirmyndar. |
| Símenntun. | Hafa fjölbreytt námskeið í boði og á okkar svæði.<br>Hafa fjarfunda námskeið. |
| Nettenging á Hólum. | Vilji er allt sem þarf. |
| Bæta nettengingu. | Fá ljósleiðaratengingu. |
| Taka ákvörðun um í hvaða kerfi við ætlum að vinna: kerfisveita – google. | Taka ákvörðun, skipuleggja kerfið sem á að nota. |
| Kaupa sjónvarpstæki eða þráðlausa myndvörpun í hverja kennslustofu. | Fjármagn, t.d. styrkur úr Rakelarsjóði. |

| | |
|---|---|
| Festa fundartíma fyrir tæknimál, t.d. kennsla á forrit, fræðsla og umræður. | Skipulagningu. |
| Efla kennara í að nota Apple Classroom. | Námskeið og hvatningu. |

| **Gæðagreinir 2.1. Nemendavernd** | |
|---|---|
| ***Hvað þarf að gera?*** | ***Hvað þarf til?*** |
| Þörf á að fræða og kynna aðilum skóla-samfélagsins hlutverk nemendaverndar. | Ítreka hlutverk nemendaverndar á hverju hausti á t.d. á haustsamveru. |
| Efla upplýsingaflæði varðandi leyfisveitingar svo að upplýsingar berist öllum kennurum. Skilgreina mætti viðmið um með hve miklum fyrirvara foreldrar skili inn leyfisbeiðnum fyrir lengri fríum barna sinna. | Setja skýr viðmið |
| Skilgreina vinnuframlag nemenda þegar þeir eru í lengri fríum, setja þarf viðmið um til hvers er hægt að ætlast af nemendum í fríum. | Samráðsfundur |
| Efla þátttöku og samábyrgð foreldra varðandi nemendavernd. | Fræðslufundir, t.d. um ADHD, einhverfu o.fl. |
| Setja spurningar um forvarnir í Skólapúlsinn, til að fá upplýsingar um hversu vel foreldrar eru að sér um Olweus, Marita og aðra fræðslu sem skólinn stendur fyrir. | Vel orðaðar spurningar |
| Skólastjóri auglýsir nemendaverndarráðsfundi til umsjónarkennara svo þeir séu upplýstir um hvaða mál verði rædd á fundunum og fái tækifæri til að biðja um að einstaka mál séu tekin upp. | Tölvupóstur |
| Brunaæfingar settar á skóladagatal einu sinni á ári. | Skipulag |
| Skipuleggja þarf skólalóð, skilgreina bílastæði og malbika þau og bæta við lýsingu. | Fjármagn og aðgerðaráætlun. |

| **Gæðagreinir 2.2. Skólanámskrá** | |
|---|---|
| ***Hvað þarf að gera?*** | ***Hvað þarf til?*** |

| | |
|---|---|
| Gera áætlun um endurskoðun á skólanámskránni í heild. | Gera yfirlit t.d. þriggja til fimm ára áætlun. |
| Velja ný einkunnarorð skólans. | Skipulag og tíma til dæmis hugmyndasmkeppni |
| Útbúa skírari markmið fyrir uppbrotsdaga til upplýsinga fyrir starfsfólk, foreldra og samfélagið. | Vinna á starfsmannafundi. |

| **Gæðagreinir 2.4. Einstaklingsmiðun** | |
|---|---|
| ***Hvað þarf að gera?*** | ***Hvað þarf til?*** |
| Grein F<br>Bjóða upp á námskeið í heimabyggð/nærumhverfi eða bjóða upp á fjarnám | |
| Grein I<br>Megum halda áfram að þróa verkefni og fjölbreyttar námsleiðir sem reyna á færni ólíkra nemenda. Þannig að nemendur geti sýnt á mismunandi hátt þá þekkingu og hæfni sem þeir hafa náð, en fái jafnframt þjálfun í því sem þeir eiga erfitt með. | |
| Virkja nemendur til ákvarðanatöku um nám sitt með áætlanagerð. | Val um verkefni, umfang verkefna og magn í verkefnamiðuðu námi. |
| Virkja nemendur til ákvarðanatöku um námi sitt, t.d. með því að fá þá inn á teymisfundi með foreldrum. | Skipuleggja teymisfundi með foreldrum þannig að nemendur geti komið inn í lok fundar. Setja þarf upp skýrt form og kynna það fyrir foreldrum og nemendum. |
| Setja þarf texta í skólanámskrána um hvernig mismunandi þörfum nemenda er mætt með fjölbreyttum kennslu- og námsmatsaðferðum. | |
| Halda reglulega fundi með deildarstjóra sérkennslu, kennurum og stuðningsfulltrúum í hverju teymi til að ræða einstaklingsþarfir innan nemendahópsins. | Skipuleggja fundartíma og gera ráð fyrir þeim við stundatöflugerð. |
